

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Skúlagötu 4

150 Reykjavík

Vogum, 13. október 2020
2009019 AE

Vísað er til tölvupósts ráðuneytisins dags. 11.9.2020, tilv.: ANR20090157. Bæjarráð Sveitarfélagsins Voga fjallaði um málið á 313. fundi sínum þ. 16.09.2020, þar sem bæjarstjóra var falið að sækja um sérreglur til ráðuneytisins.

Sveitarfélagið Vogar leggur til við ráðuneytið að sett verði sérstök skilyrði við úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins.

"Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1.gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið starfestir samkvæmt 2. & 3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið á tímabilinu 1. september 2019 – 31. ágúst 2020."

Rökstuðningur:

Útgerðarfélagið ÁÞ ehf., kt. 691215-0830, á og gerir út fiskiskipið Valþór GK-123 hefur sýnt áhuga á að sækja að nýju um byggðakvótann. Félagið hefur ásamt forsvarsmanni Selhöfða ehf., kt. 520702-2530 upplýst undirritaðan um að Selhöfði, sem starfrækir fiskvinnslu í Vogum, sé reiðubúið að vinna áfram allan afla sem til féllur vegna úthlutunar byggðakvótans. Fram hefur komið að sú viðbót sem þannig fengist til vinnslu hjá Selhöfða ehf. mundi renna styrkari stoðum undir starfsemina, sem nú veitir u.þ.b. 15 manns atvinnu. Aðilar gera ráð fyrir að landa aflanum í Grindavík, en aka honum til vinnslu hjá Selhöfða ehf. í Vogum.

Virðingarfyllst,

Ásgeir Eiríksson,
Bæjarstjóri